



Safnstefna 2019-2023

Söfnunar-, starfs- og verkefnaáætlun
Byggðasafns Skagfirðinga



BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA

Formáli safnstjóra	3	3.1.5 Fornleifar	13
1. Safnstefna 2019-2023	4	3.1.6 Ljós- og prentmyndir.....	13
1.1 Megin markmið	4	3.1.7 Myndlist	13
1.2 Umhverfistefna.....	5	3.1.8 Flokkar utan söfnunarstefnu safnsins ...	14
1.3 Skipulag	5	3.2 Aðferðir til söfnunar	14
1.4 Rekstur og starfsmenn.....	5	3.3 Móttaka muna/heimilda	14
1.5 Endurmenntun/símenntun og starfsþróun	6	3.4 Grisjun	14
2. Starfsstöðvar	7	3.5 Millisafnalán	14
2.1 Safnasvæðið í Glaumbæ	7	3.6 Fyrirbyggjandi forvarsla.....	14
2.2 Gamli torfbærinn í Glaumbæ.....	8	3.7 Viðbrögð við vá	15
2.3 Gilsstofa	9	4. Rannsóknir.....	16
2.4 Áshús	9	5. Miðlun	17
2.5 Minjahús.....	9	5.1 Sýningar	17
2.5.1 Safngeymslur.....	9	5.1.1 Fastasýningar	17
2.5.2 Skrifstofur	10	5.1.2 Sérýningar	17
2.5.3 Sýningarhald á Sauðárkróki	10	5.2 Fræðsla og viðburðir	18
2.6 Víðimýrarkirkja.....	10	5.3 Útgáfa	19
2.7 Aðrar starfsstöðvar	11	6. Samstarf.....	20
3. Skráning helstu muna- og heimildarsöfnunarflokka	12	6.1 Veitingastofan Áskaffi.....	20
3.1 Helstu muna- og heimildasöfnunarflokkar	13	6.2 Fornverkaskólinn	20
3.1.1 Atvinnuhættir.....	13	6.3 Fiske Center for Archaeological Research	
3.1.2 Heimilishættir, hípýli.....	13	UMass Boston	20
3.1.3 Samgöngur	13	6.4 Sögusetur íslenska hestsins	20
3.1.4 Stjórnsýsla.....	13	6.5 Vesturfarasetrið	20
		6.6 Viðurkennd söfn á Norðurlandi vestra.....	20



Safn og samfélag

Byggðasafn Skagfirðinga fagnaði því nýverið að sjöttíu ár eru liðin frá stofnun safnsins, 29. maí 1948. Á þessum tímamótum eru miklar breytingar að eiga sér stað innan safnsins. Má þar einna helst nefna flutningar á safnkosti Byggðasafnsins úr Minjahúsinu á Sauðárkróki í bráðabirgðahúsnæði við Borgarflöt, en til stendur að flytja safnkostinn á ný í varanlegt varðveislurými innan fárra ára í menningarhúsi sem áætlað er að reisa á Sauðárkróki. Verið er að móta framtíðarsýn um sýningarhald Byggðasafnsins á Sauðárkróki sem tekur m.a. til fastasýninga safnsins, *Gömlu verkstæðin* sem voru til sýningar í Minjahúsinu.

Þá er brýnt að ganga frá deiliskipulagi Glaumbæjar og gera áætlun um uppbyggingu og skipulagi safnasvæðisins í Glaumbæ en úrbóta er einnig þörf á aðkomuleið að safnasvæðinu og bílastæðum fyrir hópferða- og einkabíla. Gestafjöldi í Glaumbæ hefur vaxið ár frá ári og tekur safnið nú á móti allt að 40 þúsund gestum. Til stendur að loka safnasvæðið umhverfis Glaumbæ, Áshús og Gilsstofu, með það að markmiði að ná fram betri stýringu á umferð safngesta um svæðið og þar með hlífa gamla bænum. Þá er samningurinn um nýtingu gamla bæjarins sem gerður var Þjóðminjasafn Íslands til endurskoðunar á tímabilinu en gerður var tímabundinn samningur til ársloka 2020 á meðan fyrrgreind áætlanavinna fer fram.

Einnig ber að nefna safnstjóraskipti sem urðu á árinu 2018 er Sigríður Sigurðardóttir lét af störfum eftir 30 farsæl ár hjá safninu og þá tók ég, Berglind Þorsteinsdóttir við keflinu. Ég hlakka til að takast á við áskorunina og að sigla þessu rótgróna og magnaða safni í gegnum þetta breytingartímabil, ásamt því góða fólki sem þar er innanborðs. Starfsfólki safnsins þakka ég fyrir gefandi samtöl og gagnlegar umræður við gerð þessarar safnstefnu en starfshópurinn fór í greiningarvinnu á *Styrkleikum, veikleikum, óvissu og tækifæri* Byggðasafns Skagfirðinga og er sú vinna til grundvallar nýrrar safnstefnu. Má þar nefna að nýta þau tækifæri sem fylgin eru í flutningi safnkostsins og að efla um leið faglegt starf með því að standa fyrir forvörslunám-skeiði og sækja sér menntun og upplýsingar þar sem tækifæri gefast til að takast á við þetta stóra verkefni

sem flutningur safnkosts er. Við þökkun muna gefst tækifæri til að þrifa og yfirfara gripi – endurpakka og ljósmynda – skýra og samræma verkferla – yfirfara skráningar og nýskrá í Sarp – og loks ná fram heildarýfirsýn yfir safnskostinn, ef vel tekst til. Leggja þarf áframhaldandi rækt við rannsóknarstarf og þá þekkingarsköpun sem hefur einkennt störf safnsins undanfarin ár. Þá vegur mannauður safnsins hátt í styrkleika safnsins og er mikilvægt að hlúa að honum og hvetja starfsfólk til starfsþróunar, að sækja sér þekkingar svo þau geti vaxið og dafnað í starfi, þar njóta allir góðs af. Við greininguna kom fram að dreifðar starfstöðvar safnsins væri ákveðinn veikleiki og því hefur verið tekin ákvörðun um að þjappa starfseminni saman og sameina skrifstofur safnsins í undir eitt þak í Gilsstofu.

Á næstu árum er ætlunin að leggja ríkari áherslu á að virkja og efla tengsl safnsins við nærsamfélagið með markvissum hætti. Það verður m.a. gert með því að leggja aukna áherslu á að ná til barna, ungmenna og fjölskyldufólks t.d. með því að standa fyrir fleiri viðburðum og vera sýnilegri á samfélagsmiðlum. Jafnframt með því að efla tengsl við stofnanir og félags-samtök í nærsamfélaginu. Sem liður í því að ná betur til heimafélks leggjur byggðasafnið til að íbúar héraðsins geti keypt aðgangsmiða að safninu sem gildir í heilt ár, í von um að það verði til þess að fólk venji komur sínar í safnið sem oftast. Tengist þetta hugmyndum um sjálfbæra þróun í safnastarfi, þar sem safn ræktar tengslin við fólkið sem umrætt safn starfar fyrir – safn á að vera vettvangur samfélagsins og að koma til móts við þarfir þess. Byggðasafn Skagfirðinga ætlar einnig að huga að sjálfbærni á öðrum sviðum og hefur markað sér stefnu í umhverfismálum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Vonir standa til að útgáfa nýrrar safnstefnu og eftirfylgni hennar muni hún stuðla að enn frekari framgangi fagmennsku innan Byggðasafnsins og verða starfi þess í þágu samfélagsins til heilla.

Berglind Þorsteinsdóttir

Berglind Þorsteinsdóttir, safnstjóri

1. Safnstefna 2019-2023

Byggðasafn Skagfirðinga er rannsókn-, þekkingar- og þjónustustofnun sem safnar, varðveitir og rannsakar muni og minjar úr Skagafjarðarhéraði og miðlar til almennings. Starfsvæði þess er bundið við landfræðileg mörk Akrahrepps og Sveitar-félagsins Skagafjarðar.

vinna að því að efla tengsl við stofnanir og félagssamtök í nærsamfélaginu. Verður það gert á eftirfarandi hátt:

- ✓ Standa fyrir reglulegum viðburðum, t.a.m að vera með viðburði á opnunartíma safnsins í Glaumbæ yfir sumartímann en einnig á öðrum árstímum,



1.1 Megin markmið

Megin markmið safnsins er að varðveita og bæta við þekkingu á muna- og minjaarfi Skagfirðinga, standa að þróunar- og rannsóknarverkefnum og fræðslu til allra aldurshópa. Forsenda öflugrar minjaverndar er upplýsingaöflun, rannsóknir og miðlun. Helstu munasöfnunarflokkar snúa að heimilishaldi, fjölskylduhögum, horfnum starfsháttum og hversdagslífi, s.s. landnytjum, samgöngum, búferlaflutningum, hóbýlum, torfvinnu og -hleðslu, kirkjusögu miðalda, matargerð og þrifnaðarháttum í torfbæjunum.

Í nýrri stefnu er ætlunin að leggja ríkari áherslu á að virkja og efla tengsl safnsins við nærsamfélagið með markvissum hætti, í von um að virkja heimafolk í að varðveita og miðla eigin menningararfi. Það verður m.a. gert með því að leggja aukna áherslu á að ná til barna, ungmenna og fjölskyldufólks og með því að

- ✓ s.s. rökkurgöngu á aðventu líkt og verið hefur, og einnig við önnur tækifæri s.s. í vetrarfríi grunnskóla og við fleiri tækifæri.
- ✓ Vera sýnilegri á samfélagsmiðlum.
- ✓ Sækja eftir samstarfi við félagasamtök og stofnanir, einna helst menntastofnanir.
- ✓ Íbúar nærsamfélagsins geti keypt aðgangsmiða að safninu sem gildi ár í senn, í von um að það verði til þess að fólk venji komur sínar í safnið sem oftast.
- ✓ Virkja börn í starfi safnsins með stofnun barnaráðs Byggðasafns Skagfirðinga og gefa þeim innsýn og rödd innan safnsins. Eftir verður til fundar með barnaráðinu sem mun fá kynningu á starfsemi safnsins og að koma með hugmyndir fyrir safnið sem myndu höfða til barna, t.d. í miðlun á safnmunum eða viðburðum. Er þetta í

1. Safnstefna 2019-2023

- anda 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar og til að hafa áhrif. Slíkt samstarf gæti gefið af sér skemmtilegar hugmyndir og gott veganesti fyrir alla aðila til framtíðar.
- ✓ Útbúa fræðslu- og miðlunarefni sem kynnir safnastarfið og menningararfinn fyrir nærsamfélaginu og öllum þeim sem hafa áhuga á menningararfinum á heillandi, forvitnilegan, fræðandi, lifandi og skapandi hátt.

- ✓ Hvetja starfsfólk til að ferðast saman í vinnuna til að draga úr útblæstri.
- ✓ Skoða leiðir hvort hægt sé að koma á almenningssamgöngum til safnsins í Glaumbæ, sé það er gerlegt, þá að hvetja gesti safnsins til notkunnar á þeim.

1.3 Skipulag

1.2 Umhverfisstefna

Byggðasafn Skagfirðinga ætlar að huga að umhverfismálum á næstu árum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi í starfsemi sinni og leggja sitt af mörkum til að vinna í meiri sátt við umhverfið. Markmiðið er setja skýrar verkreglur og tryggja að allir vinni saman í átt að sama markmiði; að draga úr sorpúrgangi og sóun af ýmsu tagi og auka endurvinnslu. Þá verða vistvæn innkaup innleidd en vistvæn innkaupahegðun dregur úr óþarfa neyslu og hvetur til endurnýtingar og samnýtingar. Leitast verður við að kaupa vörur sem eru síður skaðlegar heilsu manna og umhverfinu. Með því að skoða þörf, líftímakostnað og umhverfisáhrif við innkaup má bæta vinnuumhverfi og stuðla að betri heilsu, vinna í átt að bættu umhverfi og að draga úr kolefnisspori, draga úr kostnaði og auka gæði. Verður það gert á eftirfarandi hátt:

- ✓ Gæta þess að kaupa vistvænar og umhverfisvottaðar vörur í innkaupum, t.d. á hreingerningavörum. Að umbúðir séu séu endurvinnanlegar eða niðurbrotanlegar (e. *bio-degradable*) og nota sem minnst af einnota umbúðum.
- ✓ Minnka úrgang og einfalda innkaup á öllum starfsstöðvum.
- ✓ Endurvinnsla innan safnsins.
- ✓ Koma fyrir flokkunartunnum á safnlóðinni.
- ✓ Minnka prentun/ notkun bæklinga í Glaumbæ og leita rafrænna lausna. Fækka bæklingum sem fara í ruslið.



1.4 Rekstur og starfsmenn

Safnið er ekki rekið í hagnaðarskyni og verður því að hafa öruggan fjárhagslegan grunn þannig að hægt sé að vinna samkvæmt settum markmiðum. Það getur tekið að sér rannsóknir og aðra þjónustu fyrir utanaðkomandi aðila gegn gjaldi. Útseld þjónusta og verkefni eru fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri og þess gætt að hún sé ekki niðurgreidd með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Safnstjóri er forstöðumaður og framkvæmdastjóri safnsins, annast daglegan rekstur þess og tekur þátt í allri starfsemi og ýmsum sértækum verkefnum eftir atvikum. Safnstjóri ræður starfsmenn og sér um að safnið sé starfhæft og húsnæðið safnhæft. Starfsmenn

1. Safnstefna 2019-2023

safnsins eru mismargir eftir árstímum og verkefnum. Starfssvið safnsins eru tvö: a) rekstur og þjónusta og b) rannsóknir og varðveisla.

➤ Rekstur og þjónusta

Starfsmenn annast safnvörslu, kynningar, leiðbeiningar og markaðssetningu. Safnstjóri ásamt safnvörðum sjá um að gæsla á sýningum safnsins sé mönnuð, fræðslu og móttöku gesta, markaðssetningu og kynningar og hafa samskipti við ferðamenn og fyrirtæki, skipulag gestamóttöku og viðburða. Starfsmenn rekstrar og þjónustu taka þátt í miðlun og sérverkefnum eftir atvikum.

➤ Rannsóknir og varðveisla

Starfsmenn annast söfnun, munavarðveislu og rannsóknir, skráningar og forvörslu. Deildarstjóri fornleifadeildar ber ábyrgð á fornleifarannsóknum og annarri starfsemi fornleifadeildar. Starfsmenn rannsókna og varðveislur taka þátt í sérverkefnum og miðlun eftir atvikum.

Safnstjóri og deildarstjórar/verkefnastjórar forgangsraða verkefnum og stýra vinnslu þeirra. Safnstjóri og verkefnastjórar mynda starfshópa sem vinna að úrlausn -um hugmynda- og styrkumsóknum, móta aðferðir við

rannsóknir, varðveislu og úrvinnslu í samræmi við forgangsroðun verkefna.

1.5 Endurmenntun/símenntun og starfsþróun

Starfsfólk þarf að fá tækifæri til að þróast í starfi með því að takast á við nýjar áskoranir og verkefni sem gera því kleift að byggja upp þekkingu á sínu starfssviði, bæði með því að sækja sér formlega og óformlega endurmenntun. Sem liður í nýrri safnstefnu er lögð áhersla á að hvetja starfsfólk til að sækja sér menntun eftir tök eru á. Verður það gert á eftirfarandi hátt:

- ✓ Starfsfólk er hvatt til að nýta sér námskeið (t.d. þau sem auglýst eru af FÍSOS, Sarpi, Sveitarfélaginu Skagafirði sem hluti af starfsþróunaráætlun og öðrum söfnum.
- ✓ Hvatt er til að sækja Farskóla safnmanna.
- ✓ Hvatt er til að sækja fyrirlestra, ráðstefnur og málþing sem tengist starfssviði viðkomandi starfsmanns.



Frá námi og störfum starfsfólks Byggðasafns Skagfirðinga.

2. Starfsstöðvar



Safnið hefur átta hús fyrir starfsemi sína. Þau eru gamli torfbærinn í Glaumbæ á Langholti, Áshúsið, Gilsstofan og salernishús sem þar eru; Víðimýrarkirkja, Minjahúsið Aðalgötu 16b, Aðalgötu 2 og bráðabirgðavarðveisluhúsnæði að Borgarflöt 17-19 á Sauðárkróki.

2.1 Safnasvæðið í Glaumbæ

Eftir að samningslaust var við Þjóðminjasafn Íslands á annað ár náðist samkomulag um nýtingu og varðveislu Byggðasafns Skagfirðinga á gamla bænum í Glaumbæ og Víðimýrarkirkju, 31. mars 2019 sem gildir til ársloka 2020. Á millitíðinni þarf að huga að ýmsum atriðum til að tryggja varðveislu og sjálfbæra nýtingu torfbæjarins sem og áframhaldandi farsælt samstarf við Þjóðminjasafn Íslands til framtíðar. Ráðast þarf í eftirfarandi atriði:

- ✓ Stefnit er á að loka af safnasvæðinu umhverfis Glaumbæ, Áshús og Gilsstofu. Fjölmargir gestir leggja leið sína að safninu og má sjá fólk á vappi um bæinn allt árið um kring, á öllum tímum sólarhringsins. Með því að loka svæðið af er gamla torfbænum hlíft fyrir umgangi utan opnunartíma og stýring á umferð gesta um safnasvæðið auðvelduð.
- ✓ Með lokun safnasvæðisins er líklegt að það skapist aukin eftirspurn eftir viðveru starfsfólks til

að veita aðgengi að bænum á lokunartímum, t.a.m. yfir vetrartímann þegar safnið hefur allajafna verið lokað. Opnunartími safnsins verður því rýmkaður til að mæta þeirri eftirspurn.

- ✓ Þjónustuhúsi og safnbúð verður komi fyrir við bílastæðin og innganginn inn á safnasvæðið. Gengið verður í gegnum húsið til að fara inn á svæðið og komið fyrir útgöngu/einstefnuhliði við Glaumbæjarkirkjugarð þar sem hægt verður að fara út af svæðinu. Þar með verður afgreiðsla safnsins færð úr gamla bænum og Gilsstofu og bærinn verður þá einungis til sýningarhalds.
- ✓ Ganga þarf frá nýju deiliskipulagi og gera áætlun um uppbyggingu og skipulagi safnasvæðisins í Glaumbæ. Safnasvæðið í Glaumbæ er orðið fjölsóttur ferðamanna-staður. Gesta-fjöldi hefur vaxið ár frá ári og tekur nú á móti allt að 40 þúsund gestum. Aðkomuleið að safninu, akstursleiðir hópferða- og einkabíla svo og bílastæði, sem og safnasvæðið allt, þarf að rúma þennan gesta-fjölda. Þjónustuhúsið er hugsað sem tíma-bundin lausn þar til gengið verður frá nýju deiliskipulagi en á svæðinu þarf að gera ráð fyrir nýjum akstursleiðum, bílastæðum og mannvirkjum til að taka á móti þessum gestafjölda og hýsa kaffistofuna Áskaffi og minjagripaverslun.

2. Starfsstöðvar

koma fyrir salernisaðstöðu, setja upp sýningar þar sem aðgengismál eru í fyrirrúmi o.s.frv. Mikilvægt er að halda umfangi þeirra í skefjum og fella þau sem best að umhverfinu og andblæ staðarins. Áætlað er að sækja um styrk til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða til hins nýja skipulags og uppbyggingar.

- ✓ Fornleifarannsóknir sem farið hafa fram í Glaumbæ á undanförunum áratug sýna einstakan minjastað þar sem segja má sögu fólks og bæjar allt frá landnámstíma fram á 20. öld. Upplagt væri að tengja núverandi safn-svæði við þær jarðlægu bæjarstæðisminjar sem liggja í túni austan gamla torfbæjarins.
- ✓ Hækka þarf torfveggi umhverfis safnsvæðið til að girða svæðið betur af, en veggirnir hafa sigið talsvert frá því þeir voru hlaðnir.
- ✓ Tryggja þarf kaldavatns- og raforkuöryggi svæðisins. Þrýstingurinn á kalda vatninu er of lítill til að hægt sé að viðhalda torfinu á þaki gamla bæjarins með góðu móti en einnig er um öryggismál að ræða ef eldur kviknar að hafa að-

gengi að nægu vatni til slökkvistarfs. Raforkan hefur verið stopul og rafmagnið verið að fara af nokkrum sinnum á ári sem er bagalegt, sérstaklega á háannatíma yfir sumarið.

2.2 Gamli torfbærinn í Glaumbæ

Gamli torfbærinn með þeim gripum sem þar eru til sýnis er og verður kjarninn í sýningum Byggðasafns Skagfirðinga á safnsvæðinu í Glaumbæ, með samþykki Þjóðminjasafns Íslands, sem er eigandi bæjarins. Áherslur næstu ára varðandi sýningarhald í bænum eru:

- ✓ Færa afgreiðsluna sem hefur verið í Suðurstofu úr gamla bænum í nýtt þjónustuhús. Setja safngripi og hafa til sýningar til viðbótar þá muni sem fyrir eru í Suðurstofu.
- ✓ Yfirfara og uppfæra fastasýningu bæjarins, með áherslu á fyrri ábúendur í Glaumbæ. Leysa bæklinga af hólmi og útbúa hljóðleiðsögn, sem er í senn umhverfisvænna og nýtur sín betur í rökkvuðum bænum og býður upp á fleiri möguleika fyrir skynfærin á göngu um bæinn.



2. Starfsstöðvar

- ✓ Komin er tími og þörf á viðgerðum á gamla bænum og hefur það verið tilkynnt af Þjóðminjasafninu að til stendur að fara í stórvíðgerðir. Viðgerðaaætlun verður unnin á vordögum 2020.

2.3 Gilsstofa

Gilsstofa er 19. aldar timburhús með portbyggðu lofti sem hýsir skrifstofur, aðstöðu fyrir safn- og staðarverði á safnsvæðinu í Glaumbæ, safnbúð og geymslu. Helstu áherslur varðandi Gilsstofu eru:

- ✓ Sameina skrifstofur Byggðasafnsins undir eitt þak í Gilsstofunni og hafa þar jafnframt kaffi- og fundaraðstöðu fyrir starfsfólk og gesti.
- ✓ Færa geymslur og skiptiaðstöðu fyrir safn- og staðarverði í Áshúskjallara.
- ✓ Færa safnbúð í nýtt þjónustuhús.
- ✓ Viðgerða er þörf á öllum 15 gluggum Gilsstofu sem felst í glerþéttingum og fúaviðgerðum. Þá verða glugganir málaðir að innan og utan að viðgerð lokinni.
- ✓ Húsið þarf að mála að utan og gera við hurð og læsingu.
- ✓ Smávegis skemmdir eru á torfbaki, sérstaklega að sunnan sem þarfnast lagfæringar.

2.4 Áshús

Áshúsið er 19. aldar timburhús á steinhlöðnum kjallara, með tvílofta risi. Sýning er á loftinu, veitingastofan Áskaffi á miðhæðinni og með aðstöðu í kjallara en þar er einnig safngeymsla. Helstu áherslur varðandi Áshús eru:

- ✓ Færa safngeymslur úr kjallara Áshúss og sameina safnkostinn í nýju bráðabirgðavarðveislurými á Sauðárkróki.
- ✓ Færa birgðageymslur safnbúðar og skiptiaðstöðu fyrir safn- og staðarverði úr Gilsstofu í Áshúskjallara.
- ✓ Viðgerða er þörf á öllum 27 gluggum Áshúss sem felst í glerþéttingum og fúaviðgerðum. Þá verða glugganir málaðir að innan og utan að viðgerð lokinni.
- ✓ Setja þarf ljósbrotsfilmu í alla glugga Áshúss, sem gert verður samhliða viðgerð á gluggum.
- ✓ Endurnýja þarf samning um veitingarekstur Áskaffis.

2.5 Minjahús

Í Minjahúsinu á Aðalgötu 16b hefur verið megin geymsla safnsins, skrifstofur þeirra starfsmanna sem

fást við muna- og minjarannsóknir, skráningar og forvörslu og fastasýningar safnsins á Sauðárkróki og sér-sýningar. Minjahúsið hefur nú verið selt og undirbúningur fyrir flutninga staðið yfir. Helstu áherslur varðandi þá starfsemi sem Minjahúsið hýsti:

2.5.1 Safngeymslur

Samhliða þökkun á munum Byggðasafnsins fyrir flutning var ráðist í að þrifa, umpakka og ljósmynda alla gripi og stefnt var á fullnaðarskráningu í Sarp á árinu 2018. Helstu áherslur varðandi safngeymslur eru:

- ✓ Flytja þarf safnmuni í bráðabirgðavarðveislurými að Borgarflöt 17-19 á Sauðárkróki og koma þeim tryggilega fyrir. Opnun bifreiðaverkstæðis í næsta nágrenni við safngeymslurnar setti flutninga Byggðasafnsins í uppnám. Safnaráð veitti húsnæðinu tímabundna undanþágu að uppfylltum nokkrum skilyrðum, út árið 2021.
- ✓ Samkvæmt áætlun eigenda safnsins verður varanlegt varðveisluhúsnæði undir safnkost Byggðasafns Skagfirðinga, Listasafns Skag-



Frá flutningum safnskots úr Minjahúsi. Hrönn Birgisdóttir og Inga Katrín D. Magnúsdóttir, starfsmenn Byggðasafns Skagfirðinga koma safngripum fyrir í bráðabirgðarhúsnæði.

2. Starfsstöðvar

firðinga og skjalasafn Héraðsskjalasafns Skagfirðinga reist innan fárra ára en það verður hluti af nýju menningarhúsi á Sauðárkróki. Sveitarfélagið Skagafjörður hyggst standa fyrir hönnunarsamkeppni á árinu 2020 en árið 2010 var ritað undir viljayfirlýsingu á milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og sveitarfélagsins um verkið. Í henni er miðað við að fjárheimildir vegna byggingarinnar verði lagðar fram sem hluti af frumvarpi til fjárlaga ríkisins fyrir árið 2020. Kostnaðarskipting verksins er með þeim hætti að hlutur ríkisins verður 60 hundraðshlutar á móti 40 hundraðshlutum sveitarfélaganna í Skagafirði, líkt og við byggingu annarra menningarhúsa á landsbyggðinni. Með flutningi safnkostsins í það framtíðarhúsnæði verður öllum ströngustu opinberu reglum og viðmiðunum um varðveislu slíkra muna framfylgt.

tímabundið og óvíst hvenær tekst að ráða í nýjar stöður. Til að minnka yfirbyggingu safnsins og þjappa starfsfólkinu nær sama hefur verið tekin ákvörðun um að sameina skrifstofur safnsins undir eitt þak.

2.5.3 Sýningarhald á Sauðárkróki

Í Minjahúsinu voru fastasýningar safnsins þar sem sýnd voru fjögur 20. aldar verkstæði af Sauðárkróki og sér-sýningar.



2.5.2 Skrifstofur

Skrifstofur Byggðasafnsins voru fluttar úr Minjahúsinu á Aðalgötu 2 (gamla barnaskólan), þar sem þær deila húsnæði með Náttúrustofu Norðurlands vestra. Helstu áherslur varðandi skrifstofur Byggðasafnsins eru:

- ✓ Til stendur að flytja skrifstofur Byggðasafnsins í Gilsstofu. Starfsfólki Fornleifadeildar mun fækka

2.6 Víðimýrarkirkja

Safnið tók við rekstri Víðimýrarkirkju, fyrir Þjóðminjasafn Íslands, í apríl 2016. Samningur var endurnýjaður við Þjóðminjasafnið 31. mars 2019 sem gildir til ársloka 2020. Helstu áherslur varðandi rekstur Víðimýrarkirkju eru:

- ✓ Leggja áherslu á að greiðsla aðgangseyris eigi að

2. Starfsstöðvar

vera til að fara inn á svæðið eða við ytra hliðið. Það er gert til að hlífa kirkjunni og viðkvæmu umhverfi hennar átroðningi. Jafnframt til að auka tekjur kirkjunnar en gjarnan hefur borið á því að gestir vilji síður greiða aðganseyri þegar þeir eru komnir að dyragætt smárri kirkjunnar.

- ✓ Standa fyrir sameignlegum aðganseyri fyrir Víðimýri og Glaumbæ og kynna það tilboð fyrir ferðaskrifstofum, viðskiptavinum og safngestum þegar þeim ber að garði ýmist í Víðimýri eða Glaumbæ. Einnig á heimasíðu safnsins sem og á samfélagsmiðlum.
- ✓ Huga að markaðs- og kynningarmálum á Víðimýrarkirkju, greina hvað megi betur fara og með hvaða hætti.

2.7 Aðrar starfsstöðvar og tengingar

- Safngripir eru hýstir víðar því margir eru í millisafnaláni í sýningum hjá Sögusetri íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal og í Vesturfara-setrinu á Hofsósi.
- Safnið hefur 20. aldar torfhúsin á Tyrfingsstöðum á Kjálka sem vettvang fyrir námskeið í torf- og grjóthleðslu, húsgrindagerð, trésmíði og viðhaldi torfbæja, sem nýtt er fyrir námskeið Fornverkaskólans. Samningur hefur verið gerður við Kristínu Jóhannsdóttur um áframhaldandi nýtingu húsana undir námskeiðshald til ársloka 2021.



Sigurður Marz Björnsson við Tyrfingsstaðabæinn á Kjálka, sem gerður hefur verið upp í námskeiðshaldi á vegum Fornverkaskólans.

3. Skráning helstu muna- og heimildasöfnunarflokka

Munir sem berast safninu og eru samþykktir sem safngripir eru metnir, hreinsaðir og skráðir í aðfangabækur eða í snertisafn. Þeir fá raðnúmer og hlaupandi númer innan hvers árs og eru merktir einkennisstöfunum BSk-eða S, eftir því hvort þeir eru skráðir eður ei. Munir sem skráðir eru í aðfangabækur eru jafnframt skráðir í Sarp, sem er miðlægur gagnagrunnur minjasafna og fleiri stofnana í landinu og er vistaður á veraldarvefnum, þar sem hann er opinn almenningi.



Samhliða pökkun á munum Byggðasafnsins fyrir flutning var ráðist í að ljósmynda alla gripi og hefur miklum árangri verið náð við fullnaðarskráningu safnmuna Byggðasafns Skagfirðinga. Allir gripir sem skráðir hafa verið sem safngripir eru skráðir í Aðfangabók annars vegar og á Sarpur.is hins vegar. Skráningu safngripa á Sarp er lokið, en haldið verður áfram vinnu við að yfirfara skráningar, setja inn myndir, stemma upplýsingar af og uppfæra og auðvitað nýskrá gripi. Helstu áherslur varðandi verkferla í skráningarmálum 2019-2023 eru:

- ✓ Farið verður í snýst um algjöra kortlagningu á hinum óskráða safnkosti. Það eru gripir sem leynast í safngeymslum og á sýningum og notaðir eru við viðburði en hafa ekki verið skráðir sem eiginlegir safngripir. Tilgangur verkefnisins er að ná heildaryfirsýn yfir safnkost Byggðasafnsins sem er liður í því fullnaðarskráningarátaki sem hafist var handa við sam-

hliða flutningi safnkostsins. Þessir gripir verða ljósmyndaðir og skráðir á Snertisafn BSk (í aðfangabók og á sarpur.is).

- ✓ Unnið verður að mótun og gerð rafrænna Aðfangabóka, annarsvegar fyrir skráða safngripi og hins vegar gripi í snertisafni. Aðfangabækur á rafrænu formi koma í stað handskrifaðra aðfangabóka sem hafa hingað til verið notaðar á safninu. Rafrænu aðfangabækurnar hafa þá kosti umfram handskrifaðar aðfangabækur að þar er



auðveldlega hægt að bæta við athugasemdum, upplýsingum og myndum. Með tíð og tíma væri möguleiki á að afrita hinar eldri aðfangabækur yfir á þetta form. Þessar bækur er hægt að prenta til að eiga í bókaformi. Sama eyðublað er notað fyrir bæði aðfangabók safngripa og snertisafn. Það auðveldar yfirfærslu síðar meir ef gripir eru teknir af snertisafni og eru skráðir sem safngripir. Meðfram skráningarvinnu verður til fullnægjandi sýningarskrá þar sem það á við. Þegar þessari vinnu er lokið verður komin góð yfirsýn á allan safnkost, skráða safngripi og snertisafn, með fullnægjandi ut anumhaldi og samræmdum upplýsingum (sem annars myndu eiga í hættu á að týnast), og myndum. Upplýsingar um alla gripi verða þá bæði til í rafrænni/prentaðri aðfangabók sem og á sarpur.is.

3. Skráning helstu muna- og heimildasöfnunarflokka

3.1 Helstu muna- og heimilda- söfnunarflokkar

Upplýsingar um safngripi eru skráðir samhliða söfnun. Við söfnun er tekið mið af:

- heimildagildi.
- möguleikum til varðveislu, miðlunar og rannsóknar.
- notkun ljósmynda og myndbanda til upplýsinga- og miðlunar.

Samráð er við Þjóðminjasafn Íslands um muni sem hafa mikinn varðveislukostnað í för með sér eða ef óvíst er um hvar safngripur er best varðveittur.

3.1.1 Atvinnuhættir

- *Landbúnaður*
Safnað er munum sem varpa ljósi á búskaparhætti, með áherslu á notkun hestsins. Landbúnaðarvélum er ekki safnað nema í einstaka undantekningartilfellum.
- *Sjávar- og vatnanytjar*
Einstaka gripir sem tengjast hlunnindum eru teknir í safnið, s.s. veiðarfæri úr ám og vötnum, við dýra- og fuglaveiði, s.s. flekaveiði við Drangey. Hvorki er safnað bátum né veiðarfærum sem tengjast sjávarútvegi. Þjóðist safninu sjósóknarminjar er bent á Síldarminjasafnið á Siglufirði eða önnur sjóminjasöfn.
- *Verslun og viðskipti*
Munir sem varpa ljósi á verslunarhætti smáverslana eru gildir. Öðrum verslunarminjum er vísað til nálæggra verslunarminjasafna eða til sérýninga í samvinnu við aðra.
- *Iðnaður*
Safnað er munum af 20. aldar verkstæðum sem sýna þróunina á 20. öld og brúa bilið milli eldsmiðja og verksmiðja, frá heimilisiðnaði til fjöldaframleiðslu. Engu er safnað sem flokkast undir verksmiðjuvinnu eða fjöldaframleiðslu. Þannig munum verður beint til Síldarminjasafnsins á Siglufirði og Iðnaðar-minjasafnsins á Akureyri.
- *„Heimilisiðnaður“*
Einkum er safnað munum sem tengjast tövinnu, útskurði, einnig verkfæri gull-, silfur- og járnsmiða.
- *Torf og notkun þess*
Safnið stendur að heimildaöflun um torf-

byggingar á starfssvæði sínu, efni og tækni og miðla til almennings.

3.1.2 Heimilishættir, híbýli

Lögð er áhersla á að safna munum og öðrum heimildum um aðbúnað í torfbæjum, hreinlæti og persónulega hagi, einkum sem tengjast breytingatímum undir lok 20. aldar þegar heimilisbragur umbyltist á skömmum tíma.

- *Textill*
Safnað er munum sem tengjast sérstökum viðfangsefnum og tísku og dæmum um klæðaburð við hin ýmsu tækifæri, þó ekki í stórum stíl.
- *Ljós*
Safnað er ljósfærum og hitunartækjum.
- *Húsgögn*
Lögð er áhersla á innanstokksmuni úr torfbæjum og 20. aldar húsbúnað.
- *Fjölskylduhættir*
Safnað er leikföngum og öðrum heimildum um fjölskylduhætti á seinni hluta 20. aldar. Áhersla er þó frekar á söfnun munnlegra heimilda og ljósmynda fremur en muna í þessum flokki.
- Safnað er munum sem tengjast farskólum og kvennaskólahaldi á Löngumýri.

3.1.3 Samgöngur

Safnað er munum sem tengjast ferðalögum og búferlaflutningum á milli byggða/landa, fótgangandi og á hestum. Engin áform eru um að safna bílum, flugvélum, skipum eða póst- og símaminjum.

3.1.4 Stjórnsýsla

Örfáir munir eru til af stjórnsýslusviði, svo sem innsigli. Þeim er ekki safnað markvisst en tekið er við munum af því tagi.

3.1.5 Fornleifar

Jarðfundnir gripir 100 ára og eldri eru ekki vistaðir á safninu nema með samþykki Þjóðminjasafns Íslands.

3.1.6 Ljós- og prentmyndir

Safnið á safn mannamynda, eftirtökur, til sýningahalds. Ljósmyndir sem safnast tengjast uppsetningu sýninga og rannsóknum. Ljósmyndir sem berast safninu eru afhentar Héraðsskjalasafni Skagfirðinga til varðveislu.

3.1.7 Myndlist

Einungis er tekið við mynd- eða listaverkum sem

3. Skráning helstu muna- og heimildasöfnunarflokka

tengjast húsbúnaði eða öðru sem telst sérlega áhugavert til sýningahalds. Listaverkum er beint til Listasafns Skagfirðinga.

3.1.8 Flokkar utan söfnunarstefnu safnsins

Ekki er tekið við munum sem tengjast heilsugæslu eða náttúru og ekki er tekið við skjölum og handritum nema í algjörum undantekningartilfellum. Verði safninu boðið þesskonar efni er bent á: Þjóðminjasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, eða önnur söfn.

3.2 Aðferðir til söfnunar

Safnið tekur við munum samkvæmt framsettri safnstefnu. Samkvæmt samningi við Vesturfarasetrið á Hofsósi árið 1996 og við Sögusetur íslenska hestsins árið 2007 tekur safnið við munum sem Setrunum berast til skráningar og varðveislu, samræmist þeir stefnu safnsins um söfnun muna sem tengjast búferla-flutningum og notkun hestsins.

3.3 Móttaka muna/heimilda

Við móttöku safngrips er gefin kvittun undirrituð af þeim starfsmanni safnsins sem tekur á móti gripnum. Móttökukvittun er send gefanda/-afhendanda í síðasta lagi um leið og gripurinn er skráður sem safngripur. Þegar tekið er við grip er hann hreinsaður, skráður og búið um hann til geymslu eða sýningar. Starfsmenn ráðfæra sig við forverði Þjóðminjasafns Íslands ef vafaatriði koma upp um forvörslu eða lagfæringu á safngrip. Ef safnið getur ekki varðveitt grip í þeim húsakynnum sem það hefur yfir að ráða, skal afpakka hann, benda á annað safn eða koma honum fyrir á öruggum stað með sérstökum skriflegum samningi, þangað til safnið getur tekið hann í sína vörslu. Helstu áherslur varðandi verkferla í móttöku gripa 2019-2023 eru:

- ✓ Lagt er upp með að skýra verkferla og aðferðafræði við móttöku, ljósmyndun og skráningu safngripa – skýrir verkferlar auðvelda starfsfólki að samræma vinnubrögð og nýju starfsfólki að nálgast upplýsingar um verklag.

3.4 Grisjun

Safngripum er ekki fargað nema vegna skemmda, ef gripur reynist falsaður, ef hann samrýmist ekki söfnunarstefnu eða telst ekki varðveisluverður. Leitað

er ráða fagfólks áður en ákvörðun um förgun er tekin en reynt er að hafa samband við gefendur eða ættingja þeirra áður en lengra er haldið. Séu munir sem safninu eru boðnir „ættaðir“ úr öðrum byggðum er viðkomandi byggðasafni boðinn gripurinn. Grisjað hefur verið af biðlistum og margir gripanna sem á honum voru settir í snertisafn, sem notað verður til útlána og safnkennslu.

3.5 Millisafnalán

Safnið lánar muni til sýninga og rannsókna til annarra safna og setra samkvæmt samningi þar sem fram koma ákvæði um lánstíma og hvernig meðhöndla eigi munina. Hámarks lánstími er 10 ár en hægt er að framlengja hann sé öryggi muna og aðbúnaður fullnægjandi.



Frá sýningunni Annað land - Annað líf, Vesturheimsferðir 1870-1914, sem byggðasafnið setti upp árið 1996 fyrir Vesturfarasetrið á Hofsósi.

3.6 Fyrirbyggjandi forvarsla

Með breytingum gefast tækifæri til endurskipulagningar, t.d. gera átak í skráningu og ljósmyndun og efla faglegt starf safnsins. Jafnframt gefst tækifæri til að fara yfir verkferla til að bæta varðveisluskilyrði safnmuna, bæði með tilliti til styrkjandi og fyrirbyggjandi forvörslu. Samhliða þökkun á munum Byggðasafnsins fyrir flutning var ráðist í að þrifa, umpakka og ljósmynda alla gripi, samkvæmt leiðbeiningum forvarða Þjóðminjasafns Íslands, Nathalie Jacqueminet sjálfstætt starfandi forverði og var „Handbók um varðsveislu safnkosts“ höfð til hliðsjónar við verkið.

Á tímabilinu 2019-2023 verða safngripum Byggðasafnsins komið fyrir í bráðabirgðavarðveislurými og gengið verður frá þeim með tilliti til fyrirbyggjandi forvörslu, s.s. hita-, birtu- og rakastigs. Í geymslum eru safnmunir geymdir á stálhillum þar sem þeir eru flokkaðir og geymdir eftir gerð. Í bráðabirgðahúsnæðinu verður brunaviðvörðunarkerfi ásamt raka-skyngjurum í öllum rýmin í húsinu, auk byggðasafnsins,

3. Skráning helstu muna- og heimildasöfnunarflokka



Bráðabirgðavarðveislurými Byggðasafns Skagfirðinga að Borgarflöt 17-19, Sauðárkróki.

tengd viðurkenndri vaktstöð og er allt húsið að Borgarflöt 17-19 tengt við brunaviðvörðunarkerfi byggðasafnsins. Þá verða settar upp myndavélar til vöktunar fyrir utan beggja vegna við varðveisluhúsnæðisins. Í framtíðarhúsnæði Byggðasafnsins í nýju menningarhúsi er áætlað að öllum ströngustu opinberu reglum og viðmiðunum um varðveislu slíkra muna verði framfylgt. Helstu áherslur varðandi verkferla í fyrirbyggjandi forvörslu á sýningum og í geymslum safnsins 2019-2023 eru:

- ✓ Gæsla er á öllum sýningum.
- ✓ Fylgst er með ljósmagni, raka- og hitastigi og brugðist við ef þarf.
- ✓ Fari safngripir ekki í hillur í geymslum eru þeir settir á bretti.
- ✓ Smærri safngripum er pakkað í silkipappír og komið fyrir í merktum sýrufríum pappakössum eða öðrum hirslum í geymslum.
- ✓ Gengið er frá safngripum í sýningum eins tryggilega og kostur er.
- ✓ Öryggis- og brunaviðvörðunarkerfi ásamt raka-skynjara verður í aðalgeymslu safnsins að Borgarflöt.
- ✓ Sé safngripur í láni (eins og í sýningum Vesturfaraseturs og Sögusetri íslenska hestsins) fylgja honum ákvæði um aðstæður, eftirlit og skilátíma.
- ✓ Gætt er hreinlætis í geymslum og sýningarsölum eins og kostur er.

3.7 Viðbrögð við vá

Sem liður í undirbúningi Byggðasafnsins undir flutninga var lagt upp með að neyðar- og björgunaráætlun fyrir safnkost Byggðasafnsins. Helstu áherslur varðandi verkferla viðbrögðum gegn vá á sýningum og í geymslum safnsins 2019-2023 eru:

- ✓ Standa fyrir sameiginlegu námskeið ásamt hinum viðurkenndu söfnunum á Norðurlandi vestra í fyrirbyggjandi forvörslu og gerð neyðar- og björgunaráætlana með starfsfólki safnanna.
- ✓ Gera samstarfssamning um sameiginlegt neyðarteymi eða rýmingarhóp ef í harðbakkan slær, við Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna, Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi og Héraðsskjalasöfnin í Austur- og Vestur Húnavatnssýslum og Skagafirði. Einnig gert samkomulag við Kjötafurðastöð KS og Vörumiðlun um að vera hluti af rýmingarhóp Byggðasafnsins um flutning og hýsingu safnkostsins í neyð, sem og frystiaðstöðu.
- ✓ Úbúa neyðar- og björgunaráætlun fyrir safngeymslum, ásamt fornagnslista, undir handleiðslu og í samstarfi við Nathalie Jacqueminet forverði og safnfræðingi og Brunavarnir Skagafjarðar. Samningurinn verður sendur safnaráði til samþykktar.
- ✓ Gera neyðar- og björgunaráætlun fyrir sýningar Byggðasafnsins.
- ✓ Standa fyrir árlegu eldvarna- og skyndihjálparnámskeiði fyrir starfsfólk safnsins, sem haldið er í Glaumbæ þegar flestir sumarstarfsmenn eru komnir til vinnu fyrir sumarvertíðina.

4. Rannsóknir

Rannsóknir skapa nýja þekkingu og eru forsendur fræðslu og miðlunar. Safnið stundar þverfaglegar rannsóknir á menningararfi Skagfirðinga í þeim tilgangi að byggja upp héraðsbundna þekkingu, efla áhuga og vitund um sögu og umhverfi og fjölga möguleikum til að nýta menningarminjar, t.d. í ferðaþjónustu. Einnig er áhersla lögð á samstarf um rannsóknir við ýmsa aðila, bæði innan héraðs og utan. Niðurstöðum rannsókna er miðlað í formi sýninga, rita, skýrsla, greina, í fjölmiðlum og öðru formi miðlunar s.s. á veraldarvefnum, heimasíðu eða samfélagsmiðlum. Helstu rannsóknarflokkar:

- *Rannsóknir á safngripum og þjóðháttum þeim tengdum*

Rannsóknir safngripa beinast sérstaklega að safngripum tengdum húsbúnaði, þrifum, torfbyggingum og búnaði manna og hesta til ferðalaga. Hafin er úrvinnsla rannsóknargagna í torfrannsóknum safnsins.

- *Fornleifarannsóknir*

Skagfirska kirkjurannsóknin og Skagfirsku kirkju- og byggðasögurannsókninni er lokið. Þá er uppstokkun á starfsfólki fornleifadeildar fyrirbyggjandi. Með nýju fólki verða mótaðar nýjar rannsóknaráherslur, í samstarfi við safnstjóra. Áfram verður lögð rík áhersla á samstarf við innlenda sem erlenda aðila og að stunda byggðasögurannsóknir, sem og skráningu fornleifa í héraðinu.



Bandaríski fornleifafræðingurinn Kathryn Catlin að störfum en hún var hluti af teymi bandarískra fornleifafræðinga frá UMASS, samstarfsaðili Byggðasafns Skagfirðinga að Skagfirsku kirkju- og byggðasögurannsókninni.



Fornleifauppgröftur á miðaldar kirkjugarði í Keflavík á Hegranesi.

5. Miðlun



Safnið leggur áherslu á að niðurstöðum rannsókna og heimildaöflunar auk upplýsinga um daglegan rekstur og viðburði sé miðlað áfram. Miðlun er í formi sýninga og útgáfu hverskyns, með fyrirlestrum og námskeiðum. Safnið heldur úti virkri heimasíðu þar sem nálgast má upplýsingar og útgefið efni. Helstu áherslur varðandi stafræna miðlun safnsins á veraldarvefnum 2019-2023 eru:

- ✓ Uppfæra heimasíðu safnsins - yfirfara og einfalda upplýsingar og gera hana snjallvæna.
- ✓ Vera virk á samfélagsmiðlum Facebook og Instagram, miðla upplýsingum um viðburði og safnastarfið.
- ✓ Miðla reglulega færslum með fróðleiksmolum um gripi safnsins af Sarpi eða úr sýningum safnsins.
- ✓ Koma upp bókunarkerfi fyrir viðskiptavinum á heimasíðu, í gegnum Bókun.is.

5.1 Sýningar

Safnið setur upp sýningar þar sem þær geta skipt máli á starfssvæðinu og vinnur þær með þeim aðilum sem þess óska, eins og tími, safnstefna og lagalegir fyrirvarar leyfa. Sýningar safnsins rekast ekki á starfsemi næstu safna eða setra nema um samstarf sé að ræða.

- a. Sýningum skal setja markmið og tryggja fjármögnun þeirra áður en verkið hefst.
- b. Taka skal mið af faglegri þekkingu starfsmanna til efnis og vinnslu sýninganna.
- c. Söfnun og rannsóknum er oft fléttað saman og -niðurstöður kynntar í sýningum.

5.1.1 Fastasýningar

Safnið er með sýningar í gamla bænum í Glaumbæ, Áshúsinu og á Sauðárkróki. Fastasýningar safnsins eru:

- Sýningin í gamla bænum í Glaumbæ, *Mannlíf í torfbæjum*, þar sem fjallað er um aðbúnað og umhverfi fólks í torfbæjunum.
- Sýningin *Gömlu verkstæðin*, á Sauðárkróki, sem samanstendur af heilum járn-, tré- og úrsmíðaverkstæðum og samsettu söðlasmíðaverkstæði. Verkstæðin sýna búnað og aðstöðu iðnaðarmanna á mótum gamla og nýja tímans.

5.1.2 Sér-sýningar

- Á lofti Áshússins er boðið upp á sýningar um húsbúnað, þjóðbúninga, kaffi og nytjalist, þær bera heitið; *300 ára kaffisagan, Monika frá Merkigili, Heimilishald á 20. öld*.
- Í Vesturfarasetrinu á Hofsósi er boðið upp á sér-

5. Miðlun

sýninguna *Annað land – Annað líf*, um Vesturheimsferðir 1870-1914. Umfjöllunarefnið er búferlaflutningar fólks milli heimsálfa og var opnuð árið 1996.

- Stór hluti sýningargripa í sýningu Söguseturs íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal er frá Byggðasafni Skagfirðinga.
- Á tímabilinu 2019-2023 er sýningin *Prýðileg reiðtygi frá liðnum öldum* sett upp á Sögusetrinu sem er gerð í samstarfi Byggðasafnsins við Þjóðminjasafn Íslands og Sögusetur íslenska hestsins.

sýnilegri á samfélagsmiðlum. Helstu áherslur tímabilsins 2019-2023 eru:

- ✓ Standa fyrir reglulegum viðburðum, t.a.m að vera með viðburði á opnunartíma safnsins í Glaumbæ yfir sumartímann en einnig á öðrum árstímum, s.s. viðburði sem haldnir hafa verið á sýningu handbragða á alþjóðlega safnadeginum og árlegri rökkurgöngu í gamla bænum á aðventunni. Rökkurganga felst í sögustund í baðstofunni þar sem fjallað er um gamla jólasíði. En einnig við önnur tækifæri s.s. í vetrarfríi grunnskóla og við fleiri tækifæri.
- ✓ Áætlað er að setja upp svokallaðar „Pop-up“, eða



5.2 Fræðsla og viðburðir

Í sýningum safnsins er lögð áhersla á að fræða fólk um menningu og mannlíf fyrr og nú. Sýningargestir eiga að geta skyggst inn í skagfirsku sögu, lagt mat á fortíð og samtið og víkkað sjóndeildarhringinn. Starfsfólk safnsins tekur á móti skólahópum af öllum skólastigum allt skólaárið. Verkefni eru unnin út frá þörfum hvers hóps, ef óskað er eftir því. Í nýrri stefnu er ætlunin að leggja enn ríkari áherslu á að virkja og efla tengsl safnsins við nærsamfélagið með markvissum hætti, m.a. með því að standa fyrir fleiri viðburðum miðuð að börnum og fjölskyldufólki og að vera

skyndisýningar, í grunn- og framhaldsskólum í Skagafirði (Grunnskólanum austan Vatna á Hofsósi, Varmahlíðarskóla, Árskóla á Sauðárkróki og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra) hafa skólastjórnendur tekið einstaklega vel í þessa hugmynd og sjá tækifæri í að nýta umræddar sýningar í kennslu. Í framsetningu sýninganna er stefnt á að notast við gripi og staf-ræna miðlun í glerskápum, sem hægt væri að skipta út u.þ.b. tvisvar á ári.

5. Miðlun

5.3 Útgáfa

Byggðasafnið hefur staðið fyrir útgáfu fræðslukvera og handbóka fyrir almenning jafnt sem ferðalanga. Þau eru aðgengileg í gagnabanka á heimasíðu safnsins og í prentuðu formi. Skýrslur með niðurstöðum rannsókna koma út í rannsóknarskýrsluritroð safnsins. Þá hefur verið gefið út í ritroð Byggðasafns Skagfirðinga rit um þrifnaðarhætti í torfbæjum, um greftrunarsiði miðalda og torfbyggingar. Helstu áherslur tímabilsins 2019-2023 í útgáfustarfsemi eru:

- ✓ Standa fyrir útgáfu á fagurlega myndskreyttri barnabók sem lýsir lifnaðarháttum fyrri tíma í torfbæjum á áhugaverðan og lifandi hátt sem vonir standa til að muni hrífa alla þá sem bera hana augum og tendra ímyndunarafli þeirra barna sem bókina lesa. Bókin verður gefin út á þremur tungumálum, íslensku, ensku og frönsku og mun bera hróður Glaumbæjar, sögu hans og arfleifð áfram um ókomna tíð. Franski listamaðurinn Jérémy Pailler mun annast myndskreytingu,

hönnun og uppsetningu bókarinnar. Afraksturinn verður 32 blaðsíðna bók (21 x 31 cm), með harðspjalda kápu, þar sem sögu og menningararfi svæðisins verður miðlað á lifandi, litríkan og fróðlegan hátt með 16 teikningum - börnum og fullorðnum - íbúum sem gestkomandi - til fróðleiks og ánægjuauka.



J. PAILLER.

Teikning eftir franska listamanni Jérémy Pailler af prestsstofu í Glaumbæ.

6. Samstarf

Áhersla verður áfram lögð á samstarf um söfnun heimilda, varðveislu, sýningar og rannsóknir við aðrar stofnanir, félög og einstaklinga. Stærstu samstarfsverkefnið nú eru:

6.1 Veitingastofan Áskaffi

Áskaffi í Áshúsi er rekin með áherslum sem safnið setti 1995 og kemur til móts við viðleitni þess í að gera upplifun safngesta eftirminnilegri en elli. Veitingaaðstaðan, sem er á miðhæð hússins, er leigð einkaaðila. Safnið sér um innréttingar kaffistofunnar og hefur áhrif á hvað er fram borið. Áhersla er lögð á að kynna fyrir fólki veitingar eins og tíðkuðust á skagfirskum heimilum á fyrri hluta 20. aldar og lögð áhersla á upplifun um leið og fræðslu. Endurskoða þarf leigusamning við Áskaffi á tímabilinu 2019-2023.



6.2 Fornverkaskólinn

Byggðasafnið leggur Fornverkaskólaverkefninu til vettvang og efni fyrir námskeið í gömlu byggingarhandverki á Tyrfingsstöðum á Kjálka samkvæmt samkomulagi við eigendur. Safnið skráir heimildir um handverksaðferðir og viðfangsefni á námskeiðum Fornverkaskólans og varðveitir þær upplýsingar. Verkefnisstjóri Fornverkaskólans er starfsmaður Byggðasafnsins. Helstu áherslur ársins 2019-2023 eru:

- ✓ *Tyrfingsstaðaverkefnið* fer að líða undir lok og eru umræður um hvernig best sé að ljúka því verkefni á farsælan hátt með áherslun á að uppgærd bæjarhúsin varðveitist til framtíðar.
- ✓ Nú fer í hönd tímabil þar sem meta þarf hvað áunnist hefur með áherslum og starfsemi Fornverkaskólans fram til þessa og móta nýjar áherslur og stefnu.
- ✓ Byggðasafnið fer í samstarf við erlend söfn/samtök í Erasmus+ verkefni sem ber heitið „Our Way Heritage Lives“ (OWHL) þar sem leitast er við svara samskonar spurningum og Fornverkaskólinn er að kljást við um varðveislu forns

handverks og byggingargerða, sem mun efalaust koma að gagni við mótun nýrrar stefnu. Samstarfsaðilarnir eru; *Gamla Linköping Open air museum*, Svíþjóð, *Project Samverkasnbryggan Hälsingegårdar*, Svíþjóð, *Sagalund museum*, Finnlandi, *Earth Building UK & Ireland (EBUKI)*, Skotlandi, *Highland Folk Museum*, Skotlandi og *Haus Gutenberg*, Liechtenstein.

6.3 Fiske Center for Archaeological Research UMass Boston

Safnið hefur verið í samstarfi við teymi bandarískra sérfræðinga í fornleifa- og jarðeðlisfræði (SASS) um rannsóknir í Skagafirði. Samstarfið miðaði að því að rannsaka tengsl byggðapróunar og kirkjusögu með jarðsjármælingum og fornleifauppgrefti og þróaðist verkefnið í *Skagfirsku kirkju- og byggðasögu-rannsóknina*, sem varði í 3 ár. Því er nú lokið en skoðað verður með áframhaldandi samstarf eftir að ráðið verður nýr deildarstjóri til fornleifadeildar.

6.4 Sögusetur íslenska hestsins

Safnið hefur verið í samstarfi við *Sögusetur íslenska hestsins* með efni til sýninga og fræðslu um sögu og þýðingu hestsins í fortíð og nútíð. Á tímabilinu 2019-2023 er sýningin Þrýðileg reiðtygi frá liðnum öldum sett upp á Sögusetrinu sem er gerð í samstarfi Byggðasafnsins við Þjóðminjasafn Íslands og Sögusetur íslenska hestsins. Skoðað verður framhaldið á áframhaldandi samstarf.

6.5 Vesturfarasetrið

Samstarf safnsins við *Vesturfarasetrið* á Hofsósi, sem hefur staðið frá 1996, verður endurskoðað.

6.6 Viðurkennd söfn á Norðurlandi vestra

Byggðasafn Skagfirðinga, Byggðasafn Húnavtinga og Strandamanna og Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi hafa frá árinu 2018 verið að efla faglegt samstarf safnanna, t.d. með sameiginlegu námskeiðiðhaldi og prufa sig áfram með hugmyndir um faglegan stuðning með starfsmannalánnum á milli safnanna. Hugmyndin er sú að með því að lána starfsfólk á milli safnanna í tímabundin verkefni, s.s. skráningarverkefni, sýningagerð, greiningarvinnu o.s.frv. – sem nýstist sérlega vel ef eitt safn býr yfir meiri sérfræðikunnáttu á ákveðnu sviði en önnur, t.d. við greiningu á safngripum eða aðstoð við skráningu í Sarp. Þar að auki stefna söfnin á að standa fyrir sameiginlegum vefsýningum á Sarpur.is.